

Atvinnuveganefnd Alþingis
Nefndasvið@althingi.is

10.12.2022

Sjálfstæðar fiskeldisrannsóknir á vegum Háskóla- og Háskólastofnunar Vestfjarða • Tillaga til þingsályktunar • 64. mál

Stjórn Háskóla- og Háskólastofnunar Vestfjarða fagnar öllum tillögum sem stuðla að eflingu rannsókna og menntunar á háskólastigi á Vestfjörðum, enda er Háskóla- og Háskólastofnun Vestfjarða stofnað til þess. Stjórnin lítur á þingsályktunartillögu um fiskeldisfræðing í nálægð við atvinnulífið á Vestfjörðum sem lið í þessu sambandi og þakkar það traust til Háskóla- og Háskólastofnunar Vestfjarða sem tillagan sýnir.

Stöðugildi fiskeldisfræðings hér fyrir vestan er velkomið og smellpassar við stefnu stofnunarinnar um að efla rannsóknir, kennslu og frampróun á Vestfjörðum. Stjórnin fagnar því allri viðleitni til að staðsetja fiskeldisfræðing á svæðinu.

Háskóla- og Háskólastofnun býður upp á tvær námsleiðir á meistarastigi í samstarfi við Háskólann á Akureyri með tilheyrandi rannsóknarvirkni, en síðustu árin hefur umfang rannsóknarverkefna verið sá þáttur starfsemi stofnunarinnar sem hefur vaxið hvað mest. Ef af því verður að rannsóknarmaður verði ráðinn til Háskóla- og Háskólastofnunar Vestfjarða þyrfti að tryggja gæði rannsókna í góðu samstarfi við aðrar stofnanir á svæðinu og landinu í heild.

Einn starfsmaður á föstum launum sem ekki þyrfti að reiða sig á styrki eingöngu, en ynni að því að sækja um styrki ásamt samstarfsaðilum úr rannsóknarumhverfi Vestfjarða og/eða fyrirtækjum á svæðinu, myndi hafa margfeldisáhrif til jákvæðrar uppbyggingar. Þessum jákvæðu margfeldisáhrifum væri að öllum líkindum best fyrir komið hjá Háskóla- og Háskólastofnun, þar sem saman fara rannsóknir, leiðsögn við vinnslu lokaritgerða í meistaranámi og kennsla á háskólastigi.

Háskóla- og Háskólastofnun Vestfjarða leggur áherslu á að efla menntun í fiskeldi á Vestfjörðum og er útlit fyrir að þetta verði eitt af mikilvægum atriðunum í nýrri menntastefnu Vestfjarða sem verið er að vinna að um þessar mundir.

Eins og áður sagði býður Háskóla- og Háskólastofnun upp á tvær námsleiðir á meistarastigi, Haf- og strandfræðastjórnun og Sjávarbyggðafræði. Þriðja námsleiðin hjá Háskóla- og Háskólastofnun Vestfjarða, Sjávarbyggð nýsköpun, hefur verið skipulögð í nánú samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands og er einnig fullgilduð hjá Háskólanum á Akureyri. Þessi þriðja námsleið er í endurskipulagningarferli og er ætlunin að færa hana á bakkalárstig og bjóða uppá kennslu í fiskeldi með áherslu á kvíaeldi. Staða fiskeldisfræðings, ef af verður, myndi leika lykilhlutverk í þeirri viðleitni.

Háskóla- og Háskólastofnun Vestfjarða hefur sömuleiðis sýnt skýran samstarfsvilja gagnvart Háskólanum á Hólum og Háskólanum á Akureyri í sambandi við áætlun um samstarf háskólanna, sem auglýst var af Háskóla- vísindaiðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu. Háskólinn á Hólum hefur þegar sent inn umsókn um menntun í lagareldi og er Háskóla- og Háskólastofnun Vestfjarða samstarfsaðili í því verkefni enda staðsett í nánd við þessa vaxandi grein. Við teljum að rannsóknir á fiskeldi í sjó eigi að vera mikilvægur þáttur í námsframboði til framtíðar enda lang stærsti þáttur lagareldis þessa dagana og væntanlega til margra ára. Staða fiskeldisfræðings hjá Háskóla- og Háskólastofnun þarf að skoðast í samhengi við áætlað samstarf stofnunarinnar við Hólaskóla, Háskólann á Akureyri og aðra háskóla og myndi styrkja Háskóla- og Háskólastofnun Vestfjarða og fiskeldisrannsóknir á Vestfjörðum í nánd við atvinnulífið.

Stjórn Háskóla­seturs er ljóst að sérstakar reglur gilda um ráðningu akademískra starfsmanna. Akademískir starfsmenn eru þeir sem hafa verið metnir hæfir til starfa (prófessor, dósent, lektor, sérfræðingur) af dómnefnd sem er skipuð af viðurkenndum háskóla. Fiskeldisfræðingur þarf vissulega ekki endilega að vera akademískur starfsmaður. Ef þingsályktunartillagan er ætluð fyrir akademískan starfsmann innan Háskóla­seturs Vestfjarða þyrfti að huga vel að því hvernig hæfnismati og framgangsferli yrði háttað, t.d. í samstarfi við Háskólann á Akureyri og/eða Hólaskóla. Þar sem Háskóla­setrið býður nú þegar upp á meistaranám í samstarfi við viður­kenndan háskóla (HA) ætti ekki að vera óyfírstíganlegt að koma á fót nýrri akademískri stöðu hjá Háskóla­setrinu. Ef vel er að málum staðið gæti þetta orðið stórt skref fram á við fyrir Háskóla­setrið og beinlínis þáttaskil í starfsemi­ni.

Það er sannarlega ósk stjórnar Háskóla­seturs Vestfjarða að þessi þingsályktunartillaga marki skref fram á við og það væri mikils virði fyrir starfsemi stofnunarinnar að annað tveggja hýsa slíkan starfsmann eða vera í nán­u samstarfi við hann.

Fyrir hönd stjórnar Háskóla­seturs Vestfjarða

Elías Jónatansson
Stjórnarformaður
ej@ov.is
450 3211 • 892 4461

Stjórnarformaður
Elías Jónatansson



Undirritað af:
Elías Jónatansson
1611594339
Dags: 12.12.2022
Tími: 17:51:12
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: b1846388-
3fde-4480-8155-
152cf1bd1a62